




Skátarnir Stef-
án Már, Gunnar
(krýpur), Guð-
mundur, Sóley,
Hildur og Ingi-
björg. Ingu
Jóns vantar á
myndina.

Karl Sigurgeirsson



„... er gleðin
skín af vonar-
hýrri brá“...

GRÍMSNES

Þorragleði á Sólheimum

Nýlega héldu vistmenn og starfsfólk á Sólheimum í Grímsnesi þorrablot, eins og undanfarin ár. Nokkrir félagar frá


Bandalagi íslenskra skáta komu á staðinn og héldu einskonar kvöldvöku, með söng og leikjum. Var komu þeirra vel fagnað, eins

og meðfylgjandi myndir sýna. Þetta var ljúf stund, þar sem bæði var gefið og þegið af einlægni.

VEFJARLIST

Ásgerður Búadóttir sýnir með Koloristerne

Ásgerður
Búadóttir



Nýlokið er árlegri sýningu listamannahópsins Koloristerne á den Frie, sýningarskálanum gegnt Austurport-stöðinni. Þar sýndi Ásgerður Búadóttir vefari glæsilegt veggteppi, sem hlotið hefur lof gagnrýnenda, m.a. í *Politiken*. Skrifar Jonna Dwinger að hin framúrskarandi íslenska vefjarlistakona,

Ásgerður Búadóttir, sé orðin það sem Koloristerne kalla fastagest, það er hún ákveði sjálf, hvenær hún vilji vera með á sýningu. Að þessu sinni sýni hún stórt og áhrifamikið myndofió teppi, sem sé einkennandi fyrir hana, bæði í samsetningu og efnismeðferð, sé virðulegt listaverk.

ÚTSALA




Allar
pottaplöntur
20-50%
afsláttur

Okkar árlega stórútsala á pottaplöntum er hafin. Jukkur, dreka-tré, burknar, gúmmitré, fikusar, alparósir o.fl. o.fl. á frábæru verði. Takmarkaðar birgðir.

KERTI

50% afsláttur

Nú gefst einstakt tækifæri til að gera reyfarakaup á kertum. Öll kerti á hálfvirði.



KERAMIK-

pottahlífar
20-50% afsláttur

Mikið úrval - gott verð.



Lika í Kringlunni.

blómavali

Gróðurhúsinu v/Sigtún

Sími: 68 90 70